



## Ríkisfjármálin í góðum farvegi

### Jákvæð þróun ríkisfjármála

Nú stýttist í að fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2016 líti dagsins ljós. Staða ríkissjóðs hefur batnað jafnt og þétt síðustu ár, eða allt frá því að hann þurfti að taka á sig miklar skuldbindingar í kjölfar hruns fjármálakerfisins. Jákvæð niðurstaða ríkisreiknings síðustu 2 ár má að vísu rekja að miklu leyti til einskiptis- og óreglulegra liða, en engu að síður eru mörg teikn um að þróunin sé jákvæð og á réttri leið. Það verður því athyglisvert að sjá nýtt fjárlagafrumvarp og þá stefnu sem ríkisstjórnin mun boða í tengslum við það.

### Hálfsársuppgjör ríkissjóðs

Mikil umræða var um umframkeyrslu ýmissa stofnana ríkisins fyrir u.þ.b. ári síðan. Nýbirt uppgjör fyrir fyrri hluta ársins 2015 sýnir hins vegar að heildarútgjöld ríkissjóðs voru innan fjárheimilda á tímabilinu og meirihluti fjárlagaliða innan fjárheimilda. Þetta er mikil breyting til batnaðar og vonandi vísbending um að agi við stjórn ríkisfjármála fari vaxandi.


Heildarútgjöld ríkissjóðs námu um 320 ma.kr. á tímabilinu og voru um 10 m.kr innan fjárheimilda. Afgangurinn telst 2,8 ma.kr. sé tekið tillit til flutnings fjárheimilda frá fyrra ári. Samtals eru 233 fjárlagaliðir með útgjöld innan heimilda ársins og 123 fjárlagaliðir með útgjöld umfram fjárheimildir. Í flestum tilfellum er hallinn innan við 10 m.kr. Gert er ráð fyrir að flestir þessara liða verði innan heimilda í árslok.

Skýra má stóran hluta umframútgjalda með fáum liðum en Sjúkratryggingar og Vegagerðin vega þar þyngst með um 3,2 ma. umframeyðslu á fyrri hluta ársins.

### Greiðsluafkoma fyrstu 6 mánuði ársins


Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrri hluta ársins hefur verið birt og þar er að finna upplýsingar um afkomu ríkissjóðs á grundvelli innheimtra tekna og greiddra gjalda. Tekjujöfnuður tímabilsins var jákvæður um 779 m.kr. Innheimtar tekjur jukust um

### Tekjujöfnuður í fjárreiðum ríkisins



Heimild: Fjársýsla ríkisins, Fjármála- og efnahagsráðuneytið

### Gjaldaheimildir og útgjöld A-hluta ríkissjóðs á fyrri hluta 2015



Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið



14,2 ma.kr. milli ára en greidd gjöld um 26,6 ma.kr. Handbært fé frá rekstri, sem má skoða sem nálgun við rekstrarafkomu, var neikvætt um 30,3 ma.kr. samanborið við jákvæða stöðu upp á rúma 11 ma.kr. á sama tíma 2014. Meginskýring þessarar breytingar er að svokölluð leiðrétting verðtryggðra húsnæðislána sem gjaldfærð var á árinu 2014 kom til greiðslu í ársbyrjun 2015. Þessar tölur sýna einungis sjóðshreyfingar en ekki rekstrarstöðu ársins 2015.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs námu 320,5 ma.kr. á fyrri helmingi ársins og jukust um 14,2 ma.kr. Það er 4,6% meira en innheimtist á sama tímabili í fyrra. Greidd gjöld voru 319,7 ma.kr. og jukust um 26,6 ma.kr. frá fyrra ári, eða um 9,1%. Greidd gjöld hafa því aukist töluvert meira á fyrri hluta ársins en innheimtar tekjur. Þrátt fyrir þennan mun á tekjum og gjöldum tímabilsins jukust greidd gjöld minna en gert hafði verið ráð fyrir. Það gæti verið vísbending um að aðhald varðandi útgjaldaramma mætti vera meira og að mikið vægi einskiptis- og óreglulegra tekna hafi stuðlað að auknum útgjöldum.

### Skuldir ríkissjóðs fara lækkandi


Í umfjöllun um skuldir ríkissjóðs í síðasta fjárlagafrumvarpi var lögð áhersla á að skuldirnar myndu lækka sem hlutfall af landsframleiðslu og sagt að ekki væri endilega stefnt að því að lækka þær að nafnverði. Þessi mynd hefur greinilega breyst og nokkrum sinnum hafa heyrst fréttir af greiðslum og uppkaupum skulda, t.d. þegar Ríkissjóður leysti til sín eigin skuldabréf að nafnvirði 400 m. Bandaríkjadala nú í sumar.

Þessu til viðbótar verða væntanlega til verulegar skatttekjur fyrir ríkissjóð í tengslum við áætlanir um afnám hafta og skattlagningu þrotabúa föllnu bankanna. Yfirlýsingar ráðamanna benda til þess að stefnt sé að því að þessum viðbótartekjum ríkissjóðs verði að verulegu leyti varið til lækkunar skulda. Í þessu sambandi hefur verið rætt um 400-800 ma. kr. tekjuauka til ríkissjóðs sem þurfa að hafa sem minnst áhrif á hagkerfið ef vel á að vera.

### Fyrst að tryggja stöðugleika og svo að greiða skuldir


Samkvæmt umræðunni er gert ráð fyrir að þessu fé verði í fyrstu varið til að ná markmiðum um fjármálalegan og peningalegan stöðugleika eftir losun fjármagnshafta. Síðan sé hægt að verja að fénu

### Innheimtar tekjur og greidd gjöld ríkissjóðs




Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið

### Skuldir ríkissjóðs og VLF - árslok 2014



Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið, Hagstofa Íslands

### Skuldir ríkisins sem hlutfall af VLF



Heimild: Fjársýsla ríkisins, Fjármála- og efnahagsráðuneytið



til lækkunar á skuldum ríkissjóðs eftir því sem tækifæri gefast.

Gæta þarf þess sérstaklega að ráðstöfun þessara fjármuna hafi ekki óæskileg áhrif á peningamagn í umferð eða önnur áhrif sem gætu stuðlað að þenslu og dregið úr verðstöðugleika. Þá þarf að gæta að þeim áhrifum sem uppgreiðslur ríkisskuldabréfa gætu haft á markaði hér á landi. Þessi jákvæða staða er því vandmeðfarin og það þarf að vanda verulega til verka til þess að ójafnvægi verði ekki skapað.

Heildarskuldir ríkissjóðs í árslok 2014 námu um 1.485 ma.kr. Til viðbótar þarf að telja óuppgerða 430 ma.kr. skuldbindingu ríkissjóðs við B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Sé sú skuldbinding tekin með nema skuldirnar um 1915 ma.kr. eða um 96% af landsframleiðslu ársins 2014. Af þessum skuldum voru 1.500 ma.kr. í íslenskum krónum en andvirði 415 ma.kr. í erlendri mynt.


Vaxtabyrði ríkissjóðs af þessum skuldum er veruleg. Greiddur fjármagnskostnaður ríkissjóðs á fyrri hluta ársins 2015 var 45,4 ma.kr. eða um 14% allra útgjalda og síðustu ár hefur fjármagnskostnaður ríkissjóðs numið um og yfir 4% af landsframleiðslu. Þær miklu skuldir sem söfnuðust upp í kjölfar hrunsins eru ríkissjóði því þungur baggi, en eins og áður segir er bjartara framundan í þeim efnunum.

### Vanda þarf til verksins

Takist að greiða niður skuldir munu vaxtagjöld ríkissjóðs lækka verulega. Áætla má að um 640 ma.kr. lækkun skulda gæti leitt til um 35 ma.kr. árlegrar lækkunar vaxtagjalda ríkissjóðs.


Sagan sýnir hins vegar að stjórnvöld á hverjum tíma hafa átt erfitt með að hemja útgjaldahlið ríkisfjármálanna í uppsveiflu og þannig hafa þau á tímum lagst á sveif með hagsveiflunni í stað þess að vinna á móti henni eins og heppilegast væri. Allar aðstæður eru ríkissjóði mjög hagstæðar nú um stundir og það er því engan veginn á vísan að róa að þessar hagstæðu aðstæður muni ekki valda aukinni þenslu.

### Skipting útgjalda ríkissjóðs á fyrri hluta 2015



Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið

### Fjármagnskostnaður ríkissjóðs á verðlagi hvers árs



Heimild: Fjársýsla ríkisins, Fjármála- og efnahagsráðuneytið



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.